

Efni: Staða mála kynnt

Kópavogi, 9. nóvember 2023

Í september sendu formaður og varaformaður bréf til Bæjarráðs með ósk um fjármuni fyrir ráðið í fjárhagsáætlun bæjarins 2024.

Óskað hefur verið eftir því að erindisbréf öldungaráðs verði endurskoðað, hlutverk þess gert skýrara og eftir lögum. Einnig hefur verið óskað eftir því að fundum ráðsins verði fjölgað, en fyrir liggur að við fundum sjaldnar en önnur öldungaráð í Kraganum.

Í byrjun september var haldið áfram að þrýsta á um helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldri borgara. Bæjarstjóri var upplýst um ályktun öldungaráðs um málið. Einnig var rætt við nýja starfsmenn velferðarsviðs, Jón Kristján og Stefán, og voru þeir mjög áhugasamir. Jón Kristján óskaði eftir því, við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024, að fjármagni yrði ráðstafað til verkefnisins. Varaleið okkar er að við byrjum á einum stað, m.a. til að fá reynslu á eftirspurn.

Unnið er að framgangi verkefnis tengdu hreyfingu fyrir eldri borgara.

Formaður hefur átt vinnufund með stjórnendum þeirra skrifstofa velferðarsviðs sem bera ábyrgð á þjónustu við aldraðra. Þar voru ræddar ýmsar tillögur að því að bæta stöðu eldri borgara og efla þjónustu við þá.

Jón Atli Kristjánsson, formaður öldungaráðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026